



Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Bt. Magnúsar Baldurssonar

Reykjavík 27 maí 2014
Ref: 05.DAN.01

Efni: Danskur farkennari

Á síðasta fundi dansk-íslenska samstarfsnefndarinnar sem haldið var í byrjun máí var ákveðið að á næsta skólaári 2014 - 2015 munu danskir farkennarar koma til starfa í skólum í sveitarfélögum á Vesturlandi og á höfuðborgarsvæðinu.

Samstarfsverkefnið er greitt af danska og íslenska ríkinu með sérstakri fjárveitingu til að efla dönskukennsla hérlendis. Lektorinn i dönsku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd verkefnisins.

Óskað er hér með eftir svári við hvort ykkur sveitarfélag getur tekið þátt í verkefninu á þeim forsendum sem lýst eru hér fyrir neðan.

Markmið verkefnisins

Markmiðið með verkefninu er að veita fræðslumiðstöðum og skólaskrifstofunum tækifæri til að efla dönskukennslu í grunnskólum á sínu svæði – sérstaklega hvað varðar að bæta kennslu í munnlegri tjáningu. Tilhögun er sú að tveir dönskukennarar frá Danmörku munu hvor um sig starfa á svæði einnar skólaskrifstofu eða fræðslumiðstöð á skólaárinu 2014 - 2015. Í ár hefur verið ákveðið að senda einn farkennara til að starfa á haustönn 2014 á Vesturlandi og á vorönn 2014 í Reykjavík og annan farkennara til starfa allt skólaárið í Hafnarfirði.

Gert er ráð fyrir að verkefnið leiði eftirfarandi af sér:

- Starf farkennara örvar dönskukennsluna, m.a. með því að hann í samstarfi við dönskukennara skólanna sýnir og leiðbeinir um kennsluþætti.
- Farkennari fitjar upp á nýjungum í samstarfi við kennara á staðnum og aðstoðar þá sem þess óska við að hefja þróunarstarf.
- Kennarar í umdæminu fá aukna möguleika á að tjá sig á dönsku og fræðast um líf og starf í Danmörku.
- Farkennararnir munu einnig á tímabilinu í samstarfi við lektorinn við Menntavísindasvið skípuleggja námskeið fyrir dönskukennara á svæðinu og fyrir dönskukennara um allt land.

Fjármál

Danska ríkið greiðir laun dönsku farkennaranna ásamt ferðir til og frá Íslands. Sveitafélagið (skólaskrifstofan) sem tekur á móti farkennara leggur til húsnæði, greiðir kostnað og ferðir kennarans um umdæmið, m.a. tímabundna gistingu vegna starfa gestakennara í umdæminu fjarri aðseturs síns, þegar þörf krefur og kostnað við tengingu síma og veraldarvefsins. Íslenska menntamálaráðuneytið styrkir sveitafélagið með u.þ.b. ISKR 100.000,- á mánaði til að niðurgreiða kostnaði sem tengist móttöku farkennarans.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands greiðir útgjöld vegna samstarfsfundna gestakennara og undirbúningsnámskeiðs sem efnt verður til fyrir farkennara í upphafi dvölinna. Samstarfsfundir eru að jöfnu haldnir tvisvar á meðan á dvöl farkennaranna stendur.

Gert er ráð fyrir að farkennarar hefji störf í Hafnarfirði þegar skólarnir byrja 1. september 2014 og ljúki störfum sem farkennari í byrjun júní 2015. Síðustu viku af maí nota farkennarar til að vinna skýrslu um störf sín og dvöl á Íslandi ásamt því að ganga frá möppum með kennsluefni sem verður í umsjá bókasafns Menntavísindasviðs.

Húsnæðismál

Við val á húsnæði fyrir farkennara er gert ráð fyrir að sveitafélagið og skólaskrifstofan finni og leggi til 2ja – 3ja herbergja íbúð með húsgögnum, síma og nauðsynlegum heimilisbúnaði, þar sem farkennari hefur fast aðsetur. Farkennarinn greiðir sjálfur afnotagjöld af síma og sjónvarpi. Dagleg framkvæmd og skipulagning á starfi farkennara verður í höndum skólaskrifstofu, er tilnefnir starfsmann á skrifstofunni sem fastan tengil við farkennarann.

Til að tryggja best faglegan afrakstur af starfi farkennara er gott að hafa eftirfarandi í huga:

1. Farkennarinn starfi í hverjum skóla í fjórar til sex vikur í senn.
2. Skólinn skilgreini tímanlega hvaða kennarar munu taka á móti og starfa með farkennarann.
3. Við val á kennurum skuli þau sjónarmið höfð í huga að reynsla farkennara nýtist þegar til lengri tíma er litið.

Nauðsynlegt er að skólaskrifstofan gerir ráð fyrir nokkur undirbúningi fyrir upphaf skólastarfs, s.s. um val á skólum og að skólastjórnendur tilnefni tengilið við farkennara í hverjum skóla fyrir sig. Einnig er nauðsynlegt að allir dönskukennarar sem munu taka þátt í samstarfi við farkennara hafi fengið upplýsingar í hendur áður en skólastarfið hefst eftir jólafríinu.

Í byrjun september 2014 verður á vegum Menntavísindasviðsins haldið kynningarfundur með þáttökukennurum og skólastjórum í umdæmi skólaskrifstofunnar. Á fundinum verður auk hagnýtra atriða fjallað um kennslufræði dönskukennslu. Gert er ráð fyrir að skólastjórnendur geri ráðstafanir til að bæði skólastjórnendur og kennarar sem starfa munu með gestakennara geti sótt fundinn.

Ef óskað er eftir því veitir undirritaður einnig frekari upplýsingar.

Kveðja,

Michael Dal
lektor
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Stakkahlíð
105 Reykjavík
sími: 525 5538 farsími: 691 6035
heimasími: 553 2969
netfang: michael@hi.is